

## **Fundargerð skólaráðs Akurskóla**

Fundur haldinn í Akurskóla 14. febrúar 2013 frá klukkan 16:15-17:25

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Bryndís Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Sólveig Silfá Karlsdóttir fulltrúi kennara, Birna Ósk Óskarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Katrín Jóna Ólafsdóttir fulltrúi foreldra, Magnús Pálsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Vignir Örn Ágústsson, Pálmi Viðar Pétursson og Gabríel Mattía Luppi, fulltrúar nemenda. Guðmunda Hergeirsdóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll.

### **Dagskrá:**

- Niðurstöður samræmdra prófa og skimana
- Kynning á nýrri heimasíðu Akurskóla
- Aðkoma að skólanum og umhverfi hans
- Skólapúlsinn – nemendur, foreldrar og starfsmenn
- Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **Niðurstöður samræmdra prófa og skimana**

Skólastjóri fór yfir niðurstöður samræmdra prófa og sýndi fundarmönnum stöplarit með niðurstöðum prófanna sem haldin voru haustið 2012. Akurskóli er að bæta árangur sinn en betur má ef duga skal og hafa kennarar farið yfir prófin og kynnt þau fyrir kennurum með það í huga að bæta árangur Akurskóla. Skólastjóri sagði einnig frá skimuninni LOGOS sem lögð er fyrir nemendur í 3., 6. og 9. bekk og Talnalykli sem er lögð fyrir í 3. og 6. bekk. Mikil fylgni er á milli þess hvernig nemendur standa sig í LOGOS í 3. bekk og í samræmdum prófum í 4. bekk. Akurskóli er einsaktur að því leyti að hann er að standa sig mjög vel í LOGOS en ekki nógu vel í samræmdum prófum. Ástæðan virðist liggja í því að of fáir nemendur Akurskóla fá afburða einkunn á samræmdum prófum.

Magnús vildi koma því á framfæri að við ættum ekki að setta okkur við slaka niðurstöðu og lýsti ánægju sinni yfir því að verið væri að vinna með niðurstöðurnar til að bæta árangur skólans.

### **Kynning á nýrri heimasíðu Akurskóla**

Skólastjóri kynnti nýja heimasíðu skólans og sagði að hún væri enn í vinnslu. Hann bað fundarmenn endilega að koma með ábendingar til að gera síðuna enn betri. Skólanámskrár fyrir 1.-10. bekk eru sýnilegar á heimasíðu skólans en almenni hlutinn er ekki tilbúin.

Skólastjóri lét einnig vita af útvarpi sem nemendur í 10. bekk eru með og að hægt væri að fara beint inn á útsendinguna af heimasíðunni.

### **Aðkoma að skólanum og umhverfi hans**

Skólastjóri tjáði fundarmönnum að stjórnendur skólans hafa bent skipulagsdeild Reykjanesbæjar á að aðkoman að skólanum er óhentug. Fulltrúar foreldra hafa einnig sent bréf þess efnis til bæjarstjóra bæjarins. Engin bílastæði eru við þann inngang sem yngstu nemendur skólans eru, hvort sem er í frístund eða hjá kennara og skapast oft umferðaröngþveiti við skólann þegar nemendur eru keyrðir eða sóttir í skólann. Stjórnendur skólans hafa haft samband við lögreglu og beðið hana að vera með löggæslu á helstu annatímum.

Fulltrúar nemenda bentu á að ljós slökkna of snemma á skólalóðinni og ekki er hægt að spila á völlum skólans. Einnig var rætt um gróðurleysi við skólann en stjórnendur hafa sent lista til bæjaryfirvalda yfir það sem vantar í og við skólann og er gróður eitt af þeim atriðum.

### **Skólapúlsinn – nemendur, foreldrar og starfsmenn**

Skólastjóri ræddi um matskerfið „Skólapúlsinn“ en nemendur í 6.-10. bekk hafa verið að fara í tölvuver skólans og svara spurningum um viðhorf þeirra til skólans og starfsemi hans. Foreldrar taka einnig þátt í matinu ásamt kennurum og starfsfólki skólans.

## Önnur mál

- Skólastjóri lét fulltrúa nemenda vita að ekki verður við þeirri ósk þeirra að nemendur í 6.-10. bekk fái að koma með fernur í skólann. Akurskóli er fernulaus skóli.
- Vignir fulltrúi nemenda sagði frá umhverfisverkefni sem nemendur á unglíngastigi eru að vinna sem kallast „Varðliðar umhverfisins“ og er í umsjá Þormóðs umsjónarkennara í 10. bekk.
- Katrín fulltrúi foreldra kom með þá hugmynd að nemendur í 10. bekk kynntu sig fyrir nemendum í 8.-9. bekk til að efla sjálfsmýnd þeirra yngri.
- Magnús fulltrúi grenndarsamfélagsins talaði um mikilvægi þess að efla sjálfstraust skólans inn á við og út á við en árangur skólans í keppninni „Gettu enn betur“ hefur verið með miklum sóma og lenti Akurskóli í 2. sæti í ár.
- Árshátíð skólans sem verður föstudaginn 22. mars nk. var rædd og skólastjóri sagði frá því að hún yrði þrískipt og að kennarar hefðu verið beðnir um að hafa skemmtiatriði fjölbreytt.
- Hátíðarkvöldverður var einnig ræddur og ætlar Sólveig Silfá umsjónarkennari í 10. bekk að ræða við foreldra og nemendur um að bjóða öllum kennurum að vera með. Hún ætlar í framhaldi að því að setja upp lista fyrir kennara til að skrá sig ef það verður samþykkt.
- Katrín kom inn á skólaslit skólans og benti á að draga megi úr tímalengd þeirra. Endurskipuleggja þyrfti þennan dag með tilliti til þess að foreldrar og nemendur vilja hitta umsjónarkennarann í rými nemenda.
- Skólastjóri lét vita af því að verið er að vinna að skóladagatali næsta árs.
- Magnús viðraði við fundarmenn að gaman væri ef skólinn ætti skólasöng Akurskóla.
- Pálmi fulltrúi nemenda spurði hvort að búið væri að taka ákvörðum um að opna klósett í matsal. Vignir annar fulltrúi nemenda sagði að námsráðgjafi hefði rætt við nemendur um að ekki verði að því.
- Katrín spurði hvort að skólinn hefði markað sér stefnu í samkenndu árganga. Skólastjóri sagði að með stækkandi skóla þyrfti stöðugt að endurmeta það.

- Skólastjóri lét vita að fyrir næsta skólaár fær skólinn tvær lausar kennslustofur sem verða staðsettar við íþróttahús.
- Katrín vildi nefna að hún hefði verið ánægð með að skólinn hefði breytt skólaárinu í tvær annir úr þremur en jafnframt vildi hún koma því á framfæri að kennarar þyrftu að vera meðvitaðir um prófaálag sem var í desember og janúar og þá sérstaklega í 4.-5. bekk. Skólastjóri benti á að í Akurskóla væri símat og því ætti ekki að myndast of mikið álag á þessum tíma en rætt verður við kennara um að huga að þessu á næsta skólaári.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð þessa ritaði

Bryndís Guðmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla